

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs

12. fundur, 22. nóvember 2002

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs föstudaginn 22. nóvember í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1, 3. hæð, og hófst kl. 14.00.

Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson auk Leós Ingasonar héraðsskjalavarðar. Einnig kom Björn Þorsteinsson, sviðsstjóri Fræðslu- og menningarsviðs, á fundinn og sat hann að hluta (sbr. 1. lið). - Formaður setti fund, en síðan var gengið til boðaðrar dagskrár sem send hafði verið út og var sem hér segir:

1. Fundur með Birni Þorsteinssyni sviðsstjóra.
2. Fjárhagsáætlun.
3. Mál frá síðasta fundi.
4. Önnur mál.

1. Fundur með Birni Þorsteinssyni sviðsstjóra.

Leitað hafði verið eftir þeim fundi (sbr. 10. fg., 3.1.b) vegna þeirrar stjórnýslubreytingar að héraðsskjalasafnið á framvegis að falla undir Fræðslu- og menningarsvið í stað Fjármála- og stjórnýslusviðs (sbr. 10. fg., 3.1.a). - Formaður bauð Björn velkominn og bað hann að skýra þá breytingu nánar. Björn kvað nýtt skipurit þegar hafa verið samþykkt og skýrði hvaða breytingar það hefði í för með sér fyrir héraðsskjalasafnið og svaraði fyrirspurnum stjórnarmanna og héraðsskjalavarðar sem hyggja gott til breytingarinnar og samstarfsins við Björn. Fyrra sviðinu sem hann hafði umsjón með hefur nú verið skipt upp á nýtt, í stórum dráttum í þrennt, og á héraðsskjalasafnið að falla undir safnadeild ásamt bókasafninu, náttúrufræðistofunni og listasafninu. Vegna tengslanna við Þjóðskjalasafn Íslands og þar með ríkið, sem bundin eru í lögum og reglugerðum, hefur héraðsskjalasafnið hins vegar meira sjálfstæði og sérstöðu. Framvegis verður skjalasafn bæjarskrifstofanna, sem er í daglegri notkun, sérstök eining í tengslum við héraðsskjalasafnið. Hvað stjórnýslu og fjárhag varðar heyrir héraðsskjalasafnið, sem fyrr segir, framvegis undir það svið sem Björn Þorsteinsson stýrir, en ekki fjármála- og stjórnýslusvið. Gera má ráð fyrir að breytingarnar skv. nýja skipuritinu komi til framkvæmda um næstu áramót. - Í framhaldi af þessu var rætt nokkuð um húsnæðisvanda safnsins og hugmyndir um hlutverk þess og framtíðarstarf. Fundarmenn voru á einu máli um að efla þyrfti safnið sem menningarstofnun með mun fjölþættara hlutverk en það eitt að vera skjalageymsla og skrifstofuþjónn bæjarfélagsins. Stjórnin lýsti nánar hugmyndum sínum um það og taldi þörf á að vekja áhuga og metnað bæjaryfirvalda í sambandi við málefni safnsins. -Björn hvarf síðan af fundi þegar lokið var umræðum um þennan lið.

2. Fjárhagsáætlun.

Fram voru lögð gögn vegna gerðar fjárhagsáætlunar fyrir safnið sem ætlunin var að taka fyrir á fundinum. Hins vegar kom á daginn að vegna stjórnýslubreytinganna var fjárhagsáætlunargerð Kópavogskaupstaðar mun skemmra á veg komin en safnstjórn ætlaði. Stjórnarmenn munu því kynna sér framlögð gögn milli funda og fá önnur send sem við kunna að bætast, en halda næsta fund sinn vegna fjárhagsáætlunar 27. des. kl. 16.00.

3. Mál frá síðasta fundi.

- a) Afgreitt var erindi sem bæjarráð hafði vísað til safnsins til umsagnar og varðar upplýsingar í gagnagrunn kirkjugarðasambandsins (sbr. 11. fg., 1.1.c). Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs telur ekki ástæðu til að mæla með því að erindi þessu verði sinnt, einkum með tilliti til kostnaðar og félagslegrar mismununar. Stjórnin álitur að bæjarfélagið og stofnanir þess hljóti a.m.k. að sinni að vera einfær um þá gagnaöflun sem um ræðir ef samþykkt verður að tengjast gagnagrunninum.
- b) Stjórnin furðar sig á að tölvutengingu skuli enn vera ábótavant í safninu þótt formaður hafi tekið málið upp við bæjarritara (sbr. 11. fg., 4.1.). Óskar hún eindregið eftir því að þessu verði kippt í lag hið fyrsta.

4. Önnur mál.

- a) Upplýst var að héraðsskjalavörður yrði í veikindaleyfi að læknisráði frá 25. nóv. til 21. des.
- b) Héraðsskjalavörður skýrði frá því að Anna Stella Snorradóttir væri að hætta störfum í safninu. Farið er fram á að ráðinn verði starfsmaður í fullt starf í hennar stað.
- c) Samþykkt var að senda jólakveðju og auglýsingu frá héraðsskjalasafninu í öll blöð bæjarins.

Fleira gerðist ekki.
Fundu slitið kl. 16.30.

Hilmar Björgvinsson
formaður

Hjörtur Pálsson
ritari

Gylfi Gröndal
meðstjórnandi

Leo Ingason
héraðsskjalavörður

